

Landslag ehf
Þráinn Hauksson
Þingholtsstræti 27
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. mars 2013
Tilvísun: UST20130300130/bs


Stofnstígur í Garðahrauni við Reykjanesbraut. Umsögn


Vísað er til bréfs Landslags ehf. dags. 15. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Umhverfisstofnun telur að við lagningu stíga eins og þess sem hér um ræðir eigi að kappkosta að leggja stíginn í landið ef þess er nokkur kostur. Slík vinnubrögð hafa í för með sér minna risk og auka jafnframt líkur á því að framkvæmdin verði frekar afturkræf en ella. Fyrirhugað er að leggja stíginn um hraun sem njóta skal verndar skv. 37. gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Stofnunin telur að forðast eigi að leggja umræddan stíg þannig að taka þurfi skeringar í hraunið, þar sem þetta spillir bæði hrauninu enn frekar og dregur jafnframt úr upplifun þeirra sem um stíginn fara. Umhverfisstofnun telur að viðhafa eigi önnur vinnubrögð við stígagerð en lagningu vega. Því eigi að að breyta legu nyrsta hluta stígsins þar sem ráðgert er að leggja stíginn upp að hraunkanti í skeringum.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við legu umrædds stígs.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
sviðsstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur